

Lauf Forks hf.

Reykjavík, 19. júní 2023
UST202304-193/Þ.V.B.
09.04.00

Efni: Umsókn um leyfi fyrir hjólreiðakeppni innan friðlands að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Lauf Forks hf., dagsett 19. apríl 2023, um leyfi til að halda hjólreiðakeppni innan friðlands að Fjallabaki þann 22. júlí 2023.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins, sbr. [auglýsing nr. 422/2021](#).

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda hjólreiðakeppni sem fer um Friðland að Fjallabaki, sem hluti af heildarkeppnisleið, þann 22. júlí 2023. Keppnin hefst og lýkur á Hvolsvelli. Starfsmenn keppinnar verða 30 en keppendur verða um 1200 talsins og gert er ráð fyrir að þeir verði komnir inn á friðlandið um kl. 9:00 og verði innan þess til kl. 17:00. Leiðin sem farin verður er á vegum og leyfðum hjólaleiðum. Drykkjar- og skiptistöð verður sett upp við vað yfir Rauðufossakvísl þar sem þrír starfsmenn keppinnar verða. Stöðin samanstendur af einu tjaldi sem er 3x3m að stærð, borði og aðföngum. Notaður verður dróni til að mynda keppendur á keppnisleiðinni kl. 8:00-14:00.

Kort og hnit af leiðinni ásamt upplýsingum um fyrirkomulag allrar keppinnar fylgdi umsókninni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur viðburðinn er ekki líklegan til að hafa neikvæð áhrif á náttúruferar eða verndargildi friðlands að Fjallabaki, en þó mun hann valda tímabundinni truflun á upplifun annarra gesta vegna mikillar umferðar á vegum á meðan keppni stendur.

Hluti leiðarinnar sem á að hjóla hefur verið í slæmu ástandi undanfarin ár. Í ljósi mikils fjölda keppenda er mikilvægt að keppendur haldi sig inni á leiðinni þrátt fyrir slæmt ástand til að marka ekki för í umhverfi vegarins. Versti kaflinn er þar sem farið er niður brekkuna á Krakatindsleið, rétt áður en komið er inn á Dómadalsleið (F225).

Bent er á að fjöldi keppenda er áætlaður 1200 manns, sem er mikil fjölgun keppenda frá undanförunum árum (2019 var veitt leyfi fyrir 250 keppendum; 2021 var veitt leyfi fyrir 800 keppendum). Því er afar mikilvægt að skipulag og utanumhald sé gott og að allir keppendur verði upplýstir um reglur sem gilda í friðlandinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Lauf Forks hf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir hjólreiðakeppni innan Friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan og þeim gögnum sem fylgdu umsókninni þann 22. júlí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns/landvarðar Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis, eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Auglýsa skal hjólreiðakeppnina vel og upplýsa gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða í friðlandinu á meðan á hjólreiðakeppninni stendur.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Allur akstur utan vega er bannaður og skulu starfsmenn sem koma að keppninni einungis aka eftir merktum vegum.
- Keppendur skulu einungis hjóla eftir þeim vegum sem tilgreindir voru í umsókninni. Óheimilt er að hjóla utan vega og stíga í friðlandinu.
- Keppnisleiðin skal vel merkt við gatnamót og meðfram leiðinni til að aðrir gestir friðlandsins séu upplýstir um hana.
- Stjórnendur og starfsmenn hjólreiðakeppninnar skulu vera auðkenndir s.s. í merktum fatnaði.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu og vanda frágang.
- Starfsmenn og keppendur skulu ganga snyrtilega um svæðið og forðast allt rask og tryggja skal að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en hann hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hans. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Þátttakendur taki tillit til annarra gesta svæðisins og tryggi að viðburðurinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Þess skal gætt að hjólreiðakeppnin hamli ekki umferð annarra gesta innan friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- A.m.k. 24 klst áður en keppni hefst skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð keppnisleiðar þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugaðan viðburð.

- Nákvæm staðsetning drykkjarstöðvar og salernisaðstöðu skal valin í samráði við Umhverfisstofnun. Skal aðstaðan vera vel afmörkuð til að takmarka stærð þess svæðis sem verður fyrir raski.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í keppninni verði ekki meiri en 1200 manns.
- Óheimilt er að trufla dýralíf, raska gróðri og jarðminjum.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags, lögreglu og Vegagerðarinnar gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017. Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi Vegagerðarinnar, lögreglu og sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **57.000**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Daníel Freyr Jónsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur